



Rannsóknarnefnd samgönguslysa  
Flugvallarvegi  
101 Reykjavík

**SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ**

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 16. apríl 2018  
Tilv.: SRN17060022/3.90.4.0

Efni: Viðbrögð við tillögum í öryggisátt í málum nr. 035/16 og 036/16

Ráðuneytið vísar í skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa í málum nr. 035/16 og 036/16 sem barst ráðuneytinu 6. júní 2017.

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn Samgöngustofu um tillögu í öryggisátt, sem fylgdu skýrslunum, þann 29. ágúst 2017. Umsögn Samgöngustofu barst ráðuneytinu 13. október sama ár.

Í umsögn sinni tók Samgöngustofa almennt undir sjónarmið rannsóknarnefndarinnar. Hins vegar taldi stofnunin sér ekki fært að gera tillögu um reglu um fjaðrandi sæti þar sem margir þeir RIB bátar, sem notaðir eru hér á landi, eru CE-merktir skemmtibátar.

Í staðinn lagði Samgöngustofa til að bregðast mætti við skýrslum rannsóknarnefndarinnar með því að útfæra kröfur um að útgerðir RIB-báta framkvæmdu áhættumöt sem tæki til siglinga í mismunandi aðstæðum, sem þá fæli í sér að við tiltekna aðstæður væri siglt hægar.

Ráðuneytið féllst á sjónarmið Samgöngustofu og beindi því til stofnunarinnar, með bréfi dags. 24. nóvember 2017, að stofnunin myndi útfæra slíkar reglur.

Þann 5. apríl sl. barst ráðuneytinu tillögur Samgöngustofu þess efnis.

Ráðuneytið er nú að vinna að því að tillögurnar verði kynntar siglingaráði og almenningi.

Fyrir hönd ráðherra  
eftir umboði

Björn Freyr Björnsson